

**REGLUGERÐ****um einkaleyfisgjöld.**

## 1. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans .....	1 600,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans .....	6 000,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans .....	12 000,00

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 12 1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1983.

*Þaðarráðuneytið, 28. desember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Gunnar Guttormsson.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 553 2. september 1982 um breyting á henni.**

## 1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	Kr/1,0 l.
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín .....	65,00
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperítivar .....	80,00
3. Íslenskar áfengistegundir .....	265,00
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. ....	325,00
B. Tóbak:	kr.
1. Reyktóbak .....	160,00 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar .....	205,00 pr. 200 stk.
3. Smávindlar .....	25,00 pr. 10 stk.
Meðalstærð .....	110,00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir .....	145,00 pr. 25 stk.

Endurprentað blað.